

FYRIRMÆLI

UM ÚRBÆTUR VEGNA UMHVERFISTJÓNS

N1 ehf

Kt.: 411003-3370

1. Fyrirmæli um úrbætur

Umhverfisstofnun gefur eftirfarandi fyrirmæli um úrbætur vegna umhverfistjóns af völdum bensínmengunar úr olútanki N1 við Suðurbraut á Hofsósi, sbr. 15. gr. laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð. N1 er hér eftir nefndur rekstraraðili.

- Markmið hreinsunarinnar er að þau hús sem orðið hafa fyrir áhrifum mengunarinnar (að Suðurbraut 6, 8, 9 og 10) verði sem fyrst íbúðarhæf og að styrkur mengunar í þeim valdi ekki heilsuspillandi áhrifum.
- Úrbætur vegna umhverfistjóns skal framkvæma í samræmi við 4. og 5. kafla í meðfylgjandi innsendri úrbótaáætlun rekstraraðila, dagsett þann 9. september 2021, ef ekki annað er tilgreint í fyrirmælum þessum.
- Hefja skal gröft á skurðum og niðursetningu loftunarröra í samræmi við tillögur í úrbótaáætlun innan tveggja vikna frá útgáfu fyrirmæla þessara, að því gefnu að framkvæmdaleyfi sveitarfélags liggja fyrir framkvæmdinni, sbr. 3. gr. fyrirmælanna.
- Setja skal kolasíur á öll loftunarrör og blásara. Kolasíum skal komið fyrir áður en blástur er settur í gang.
- Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun tillögu að vöktunaráætlun innan tveggja vikna frá gangsetningu blásara í loftunarholum, sbr. 5. gr. fyrirmælanna.
- Rekstraraðili skal skila áfangaskýrslum til Umhverfisstofnunar á þriggja mánaða fresti, eða oftari ef stofnunin telur þess þurfa á hreinsunartíma. Rekstraraðili skal einnig skila áfangaskýrslum á þriggja mánaða fresti sbr. 6. gr. fyrirmælanna, í eitt ár eftir að aðgerðum er lokið.
- Tímasetning mótvægisáðgerða í fasteignum er háð samþykki umráðamanna fasteignanna, sjá nánar í 4. gr. fyrirmælanna. Mótvægisáðgerðir skulu gerðar í samræmi við tímasetta framkvæmdaáætlun sem rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun til samþykktar eins fljótt og mögulegt er en eigi síðar en fjórum vikum eftir að Umhverfisstofnun upplýsir rekstraraðila um að samþykki umráðamanna fasteignanna liggja fyrir.
- Styrkur TVOC efna í jarðvegi skal hafa náð stöðugu gildi undir 50 ppm í hið minnsta þrjá mánuði áður en hreinsun á jarðveginum getur talist fullnægjandi. Styrkur TVOC skal hafa mælst stöðugur undir 0,25 ppm innanhúss í þeim fasteignum sem mengunin nær til í að minnsta samfleytt í þrjá mánuði svo jarðvegshreinsun teljist fullnægjandi og heimilt sé að stöðva hreinsunar- og mótvægisáðgerðir, sbr. 7. gr. fyrirmælanna.
- Vöktun innanhúss skal haldið áfram í minnst 12 mánuði eftir að hreinsunaraðgerðum lýkur.
- Stofnunin mun, ef þörf er á, uppfæra fyrirmælin með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fram hafa komið, sbr. 8. gr. fyrirmælanna.

Tímasetningar fyrir aðgerðir sem kalla á viðveru eða samráð eftirlitsmanns skulu ákvarðaðar í samráði við Umhverfisstofnun.

Ef breytingar verða á aðstæðum eða ef aðlaga þarf aðgerðir skal samráð haft við Umhverfisstofnun áður en ráðist er í þær aðlaganir.

2. Ábyrgð rekstraraðila

Fyrirmæli þessi eru sett í samræmi við 15. gr. laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð en skv. 15. gr. skal Umhverfisstofnun gefa rekstraraðila sem ábyrgð ber skv. lögnum, að fenginni áætlun hans skv. 2. mgr. 9. gr., fyrirmæli um að bæta úr umhverfistjóni á landi með því að eyða mengun og endurheimta fyrra ástand eða gera jafngildar ráðstafanir.

N1 ehf., kt. 411003-3370, ber ábyrgð á umhverfistjóni af völdum bensíntanks þar sem að leki var staðfestur í desember 2019. Rekstraraðili skal bera kostnað vegna úrbóta samkvæmt fyrirmælum þessum, sbr. 21 gr. laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð.

Rekstraraðili skal skv. 21. gr. bera kostnað við rannsóknir, varnarráðstafanir og úrbætur sem framkvæma ber samkvæmt lögum nr. 55/2012. Einnig skal hann bera kostnað stjórnvalda vegna aðgerða sem þeim er samkvæmt lögum falið að grípa til og falla undir lögin, m.a. vegna bráðamengunar eða mengunaróhapps. Umhverfisstofnun getur endurkafið rekstraraðila um kostnað vegna slíkra aðgerða. Gjald fyrir eftirlit, vöktun og málsmeðferð skv. II. og VI. kafla laganna verður innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

Rekstraraðili skal skv. 22. gr. laga nr. 55/2012 leggja fram tryggingu fyrir efndum. Tryggingin skal ná yfir útgjöld Umhverfisstofnunar, sbr. 30. gr., ásamt því að ná yfir áætlaðan kostnað að úrbótum og vöktun sem framkvæma þarf í samræmi við þessi fyrirmæli. Skv. 2. mgr. 22. gr. ákveður Umhverfisstofnun fjárhæð og skilyrði tryggingarinnar. Ákvörðun Umhverfisstofnunar um fjárhæð tryggingar verður send rekstraraðila í sér bréfi.

3. Hreinsunaraðgerðir

Umhverfisstofnun telur rétt að hreinsunaraðgerðir fari fram í samræmi við fram lagða úrbótaáætlun rekstraraðila.

Þar kemur fram að grafnir verði skurðir og loftunarrörum með virku sögi komið fyrir í þeim samhliða áframhaldandi rannsóknum á styrk rokkgjarna efna (VOC efna) í jarðvegi. Að auki fer Umhverfisstofnun fram á að við útblástur loftunarröra skuli kolasíu komið fyrir í þeim tilgangi að minnka þá lykt sem annars bærir út í andrúmsloftið. Kolasíu skal jafnframt komið fyrir á þeim loftunarrörum sem fyrir eru á svæðinu svo sem undan húsum og þar sem tankarnir stóðu áður. Umhverfisstofnun fer fram á að haft skuli reglulegt eftirlit með virkni kolasíanna svo hægt sé að skipta þeim út áður en þær verða yfirfullar. Slík vöktun skal nánar útfærð í vöktunaráætlun sbr. 5. gr. fyrirmælanna um vöktun.

Staðsetning gryfjanna skal vera fyrir framan og aftan húsin að Suðurbraut 6, 8 og 10 og, ef framkvæmanlegt er, á milli þeirra, í samræmi við úrbótaáætlunina. Lengd gryfjanna skal

ákvarðast í samráði við Umhverfisstofnun, með hliðsjón af niðurstöðu PID¹ sýnatöku sem fara mun fram við gróft skurðanna. Lengd loftunarröranna skal ákvarðast í samráði við eftirlitsmann Umhverfisstofnunar, áður en skurðunum verður lokað.

Við gróft skurðanna skal heildarstyrkur rokgjarnra efna (TVOC efna) mældur með PID mælingum og aðgerðir miðaðar út frá niðurstöðum þeirra. Mælingarnar skulu gerðar að viðstöddum eftirlitsmanni Umhverfisstofnunar. Gert er ráð fyrir að jarðvegur þar sem að TVOC mælist yfir viðmiðunarmörkum (50 ppm²) verði fluttur á skilgreint geymslusvæði. Geymslusvæðið er háð samþykki Umhverfisstofnunar. Eingöngu er leyfilegt að setja jarðveg sem mælist undir viðmiðunarmörkum TVOC (50 ppm) í gryfjunar. Jarðvegur þar sem TVOC mælist yfir viðmiðunarmörkum í PID mælingum skal fluttur á geymslusvæðið þar sem að sýni skulu tekin og þau send til nánari efnagreiningar. Jarðvegur þar sem bensín eða olíumengun er sýnileg skal haldið aðskildum og fluttur á geymslusvæðið til frekari sýnatöku og efnagreiningar. Jarðvegur sem mælist yfir viðmiðunarmörkum fyrir landnotkun atvinnusvæðis (sjá reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg) skal komið í viðeigandi meðhöndlun eða förgun. Jarðvegur sem mælist á milli viðmiðunarmarka fyrir landnotkun íbúðarsvæðis og atvinnusvæðis skal annaðhvort meðhöndla, farga eða nota á atvinnusvæði.

4. Mótvægisáðgerðir í fasteignum

Til að koma í veg fyrir að rokgjörn efni berist inn í hús verður gripið til mótvægisáðgerða svo sem: sog á jarðvegsgasi undir húsum, loftunaraðgerða í húsum og þéttingu gólfplötu. Tímasetning mótvægisáðgerða í fasteignum er háð samþykki umráðamanna fasteignanna. Umhverfisstofnun upplýsir rekstraraðila þegar fengist hefur samþykki fyrir úttekt til að meta til hvaða mótvægisáðgerða þurfi að grípa. Rekstraraðili skal eigi síðar en fjórum vikum eftir úttektina skila tímasettri framkvæmdaáætlun vegna mótvægisáðgerðanna til samþykktar Umhverfisstofnunar. Framkvæmd mótvægisáðgerðanna er háð samþykki umráðamanna eignanna og skal slíkt samþykki liggja fyrir áður en hafist er handa við framkvæmdirnar.

5. Vöktun

Eigi síðar en tveimur vikum eftir að hreinsunaraðgerðir hefjast skal rekstraraðili skila inn vöktunaráætlun til Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun mun taka afstöðu til hennar þegar hún berst. Vöktunaráætlunin skal taka til vöktunar á styrk mengunarefna í jarðvegi og innanhúss í fasteignum að Suðurbraut 6, 8, 9 og 10 ásamt virkni hreinsibúnaðarins. Stofnunin mun krefja rekstraraðila um uppfærslu á áætluninni, standist hún ekki kröfur stofnunarinnar.

Vöktunarmælingum innanhúss skal haldið áfram, í að minnsta kosti eitt ár, eftir að hreinsunar- og mótvægisáðgerðum í fasteignum er hætt.

6. Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal skila áfangaskýrslu til stofnunarinnar á þriggja mánaða fresti þar sem teknar eru saman vöktunarniðurstöður, ástand kolasíu og eftir atvikum niðurstöður greininga olíusýna úr olíuskilju. Áfangaskýrslum skal einnig skila á þriggja mánaða fresti á meðan vöktun

¹ Photoionisation detector

² Viðmiðunarmörk fyrir íbúðabyggð sem gefin eru upp í leiðbeiningum: Meðferð á olíumengun í jarðvegi, Hollustuvernd ríkisins, 1998

innan húss fer fram eftir lok hreinsunaraðgerða í jarðvegi. Umhverfisstofnun getur farið fram á að skýrslum sé skilað tíðar ef stofnunin telur þess þurfa.

Þegar hreinsun telst lokið skal rekstraraðili skila lokaskýrslu þar sem farið skal yfir framkvæmdar aðgerðir, niðurstöður þeirra, þ.e. hvaða árangur þær hafa borið, ástand svæðisins að aðgerðum loknum og eftir atvikum áframhaldandi vöktunaraðgerðir. Einnig skal koma fram magn jarðvegs sem fór í förgun og hvert, það magn sem fór í aðra notkun og þá hvert, það magn sem fór aftur ofan í skurðina og magn nýs jarðvegs sem fór ofan í skurðina.

7. Lok aðgerða

Styrkur TVOC efna í jarðvegi skal hafa náð stöðugu gildi undir 50 ppm í a.m.k. þrjá mánuði áður en hreinsun á jarðveginum getur talist fullnægjandi.

Miða skal við að sögi úr jarðvegi og undan húsum sé haldið við í a.m.k. tvö ár til að meta árangur hreinsunaraðgerðanna meðal annars með tilliti til árstíða.

Styrkur TVOC skal hafa mælst stöðugur undir 0,25 ppm³ innan húss í þeim fasteignum sem mengunin nær til í að minnsta þrjá mánuði í röð svo jarðvegshreinsun teljist fullnægjandi og heimilt að stöðva hreinsunar- og mótvægisaðgerðir.

Haft skal samráð við Umhverfisstofnun áður en aðgerðum samkvæmt fyrirmælum þessum er lokið á svæðinu.

8. Endurskoðun fyrirmæla

Fari rekstraraðili ekki að fyrirmælum Umhverfisstofnunar eða ef verkið dregst fram yfir gefna fresti um úrbætur getur Umhverfisstofnun látið vinna verkið á kostnað rekstraraðila, sbr. 24 gr. laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð.

Ef fram koma upplýsingar sem benda til þess að ekki muni eða hafi náðst ásættanlegur árangur af aðgerðum samkvæmt fyrirmælum þessum, áskilur stofnunin sér rétt til þess að óska eftir nýrri úrbótaáætlun frá rekstraraðila.

Ef fullnægjandi hreinsunarárangri, sbr. 7. gr., hefur ekki verið náð innan 3 ára frá þeim tíma sem loftunarbúnaður var ræstur skal rekstraraðili senda til Umhverfisstofnunar uppfærða úrbótaáætlun.

Stofnunin mun, ef þörf er á, uppfæra fyrirmælin með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fram hafa komið, sbr. 2. og 3. mgr.

9. Þinglýsing fyrirmæla og kæruheimild

Rekstraraðili skal bera kostnað af þinglýsingu fyrirmæla þessara um úrbætur sbr. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 55/2012. Umhverfisstofnun lætur aflýsa þinglýstum yfirlýsingum um fyrirmæli þegar ráðstafanir samkvæmt þeim hafa verið framkvæmdar að mati stofnunarinnar, sbr. 4. mgr. 19. gr.

³ Skv. viðmiðunargildum fyrir loftgæði innan húss gefin út af Federal Environment Agency of Germany er styrkur undir 0,25 ppm harmalus heilsu. Meðalgildi TVOC í íbúðarhúsnæði í Svíþjóð 0,16-0,25 ppm skv Karolinska Institutet (Stofnunin fyrir Environmental medicine).

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu fyrir mæla skv. 15. gr. laga nr. 55/2012 er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan átta vikna frá tilkynningu um ákvörðun, skv. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík 22. nóvember 2021

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Sviðsstjóri

Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Fylgiskjal 1: Úrbótaáætlun frá Verkís dags. 9. september 2021.

Fylgiskjal 2: Greinargerð vegna athugasemda á auglýsingatíma.

Fylgiskjal 2

Greinargerð vegna athugasemda á auglýsingatíma

Umhverfisstofnun hefur nú gefið út fyrirmæli um úrbætur vegna umhverfistjóns vegna bensínleka úr niðurgrofnum eldsneytistanki við bensínafgreiðslustöð N1 ehf. við Suðurbraut 9 á Hofsósi.

Drög að tillögu að fyrirmælum voru kynnt fasteignaeigendum þeirra fasteigna þar sem mengunarinnar hefur verið vart, þ.e. að Suðurbraut 6, 8, 9 og 10 á fundi sem var haldinn á Hofsósi þann 1. október 2021. Á fundinum var fjallað um tillögur rekstraraðila og drög að tillögu að fyrirmælum Umhverfisstofnunar.

Rekstraraðila og umráðamönnum eigna var tilkynnt um andmælarétt sinn við tillögu að fyrirmælunum í samræmi við 1. mgr. 27. gr. laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, í tölvupósti dags. 7. október 2021. Andmælafrestur var veittur til 22. október 2021. Ósk um lengdan frest til að skila inn athugasemdum barst frá einum fasteignaeigenda sem orðið hefur fyrir áhrifum af menguninni. Umhverfisstofnun framlengdi frest til athugasemda til og með 27. október en athugasemdir bárust ekki.

Umhverfisstofnun auglýsti á vefsíðu sinni tillögu að fyrirmælum um úrbætur vegna umhverfistjóns á Hofsósi á tímabilinu 7. október til 20. október 2021. Einnig var tillagan auglýst og tilkynnt um athugasemdarétt í dagblaði í almenntri dreifingu dags. 7. október, í samræmi við 28. gr. laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð.

Stofnuninni bárust athugasemdir við tillöguna frá Sveitarfélaginu Skagafirði dags. 20. október 2021.

Viðbrögð Umhverfisstofnunar við athugasemdum

Athugasemdirnar sem bárust frá Sveitarfélaginu Skagafirði eru í sjö liðum. Hér að neðan eru athugasemdirnar tilgreindar og viðbrögð Umhverfisstofnunar við þeim:

- 1. Gerð er athugasemd við að ráðgerðar hreinsunaraðgerðir miði einungis að því að hreinsa lítinn hluta hins mengaða svæðis. Krafa er gerð um að hið mengaða svæði verði hreinsað í heild sinni og að fjarlægður sé allur mengaður jarðvegur og hann meðhöndlaður á viðeigandi hátt þar sem aðstæður eru góðar. Í þessu sambandi er vísað til ábendingar Verkfræðistofunnar Eflu í tölvupósti dags. 25.08. 2021, fylgiskjal 1. Þá skal bent á það sem segir á bls. 3 (kafla 2.2.1) í skýrslu Verkís dags. 09.09. 2021, sem UST hefur undir höndum, að mælingar á útsogi undan botnplötum að Suðurbraut 6 og 10, sem og úr skurði við Suðurbraut 6, hafi sýnt hækkandi gildi þar til að í lok ágúst hafi gildin farið niður á við. Er því líklegt að mengaður jarðvegur norð-austan götunnar og undir henni sé upptök mengandi strauma sem renni til lóðanna suð-vestan við hana, þó ekki sé hægt að fullyrða slíkt. Í ljósi reynslunnar, aðstæðna (vegalengda, grunnvatnsstrauma og jarðlaga) og þess hversu takmörkuð þekking liggur fyrir um mengun í jarðvegi á svæðinu*

sem nær frá þeim stað sem hinn leki eldsneytisgeymir var á og að húsunum suð-vestan við Suðurbraut er óvarlegt að hafna slíkum líkindum.

Svar Umhverfisstofnunar:

Umhverfisstofnun fer fram á það að allur jarðvegur þar sem mengun mælist yfir viðmiðunarmörkum til notkunar í íbúabyggð verði fjarlægður og meðhöndlaður á viðeigandi hátt. Um er að ræða mengun sem rakin er til bensíns sem er rokkgjarnt efni og umbreytist nokkuð hratt yfir í gasfasa. Mælingar á svæðinu hafa gefið til kynna að mengunar verði fyrst og fremst vart í gasfasa. Umhverfisstofnun telur því skynsamlegt að styðjast við svokallaðar PID mælingar sem mæla styrk mengunar í gasfasa jafnóðum og grafið er. Í fyrirmælunum er gerð krafa um að þar sem gasmengunar verði vart verði jarðvegurinn rannsakaður nánar og meðhöndlun hans miðist við niðurstöður þeirra rannsókna. Einungis er heimilt að setja niður jarðveg sem uppfyllir viðmið til notkunar í íbúabyggð í stað þess jarðvegs sem grafinn verður upp.

- 2. Í meðfylgjandi skýrslu Eflu verkfræðistofu á fylgiskjali 2 er mælt með því að skurður, sem skv. mynd 15 í framangreindri Verkís-skýrslu er ráðgert að ná frá norð-austur horni hússins að Suðurbraut 6 og að norð-austur horni hússins að Suðurbraut 10, verði látinn ná a.mk. að suð-austur horni þess húss. Þá er gerð tillaga um að skurður verði grafinn meðfram Suðurbraut við bílastæði að húsi nr. 9 við þá götu. Jafnframt er í skýrslunni lagt til að vatni verði dælt úr síðargreindum skurði í því skyni að lækka grunnvatnsborð.*

Svar Umhverfisstofnunar:

Í fyrirmælum um úrbætur kemur fram að lengd gryfjanna skuli ákvarðast í samráði við Umhverfisstofnun, með hliðsjón af niðurstöðum PID sýnatöku sem fara mun fram við gröft skurðanna. Þetta getur þýtt að mögulega verði skurðurinn umtalsvert lengri en að Suðurbraut 10 en lengdin ræðst af styrk jarðvegsgass við gröft skurðarins. Jafnframt verður jafnóðum metið við uppgröftinn hvort sýnilegrar mengunar í jarðvegi eða grunnvatni verði vart og skal þá gripið til viðeigandi aðgerða í samræmi við það.

Nú þegar eru rör í jörðu á þeim stað sem tankarnir voru áður, þ.e við upphafsstað mengunarinnar. Umhverfisstofnun gerir kröfu um að þau rör verði tengd við loftdælu og kolasíu. Það er því mat Umhverfisstofnunar að ekki sé þörf á að setja ný rör við bílastæðið.

Grunnvatnsrannsóknir sem farið hafa fram gefa til kynna að mengun sé lítil og vart greinanleg í grunnvatni. Að mati Umhverfisstofnunar er grunnvatnsdælingar ekki þörf út frá núverandi forsendum. Umhverfisstofnun setur þann fyrirvara í fyrirmælin að ef grunnvatn reynist mengað við framkvæmd hreinsunaraðgerða, verður olíuskilju komið fyrir til hreinsunar grunnvatnsins.

- 3. Í framangreindri skýrslu Eflu verkfræðistofu er lagt til að gerðar verði tíðari mælingar og þær bornar saman við veðurgögn og grunnvatnsstöðu. Þá er bent á að taka þurfi fram hvar og hvernig mælingar skuli gerðar og bent á mikilvægi þess að mælingar geti staðfest að hreinsun eigi sér stað.*

Svar Umhverfisstofnunar:

Umhverfisstofnun gerir kröfur um að rekstraraðili skili inn vöktunaráætlun þar sem mælingar verða m.a. útfærðar nánar. Vöktunaráætlunin skal lögð fram til samþykktar Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun hefur nú þegar komið tilmælum til vöktunaraðila um að mælingarnar séu bornar saman við veðurgögn og hefur hann orðið við þeim tilmælum. Þar sem ekki hefur orðið vart við umtalsverða mengun í grunnvatni álitur Umhverfisstofnun að ekki sé þörf á þessu stigi að beina hreinsunaraðgerðum að grunnvatninu. Eins og fram kemur í svari við lið nr 2. að ef sýnilegrar mengunar verður vart í jarðvegi eða grunnvatni verði brugðist við með viðeigandi hætti s.s. frekari rannsóknum eða hreinsunaraðgerðum.

- 4. Sveitarfélagið tekur undir allar þær athugasemdir og tillögur Eflu sem er að finna í framangreindum fylgiskjölum. Sé ekki farið að þessum ráðum er eðlilegt að bent sé á vankanta á því.*

Svar Umhverfisstofnunar:

Umhverfisstofnun telur ekki þörf á því að breyta grunnvatnsstraumunum á svæðinu þar sem uppruni mengunarinnar hefur þegar verið fjarlægður og mælingar benda til þess að grunnvatnið hafi ekki mengast. Gert er ráð fyrir því að ef mengun mælist í vatni við framkvæmd hreinsunar verði brugðist við með viðeigandi hætti sjá nánar svar við lið 2. Öðrum athugasemdum Eflu er þegar svarað í liðum 1-7.

- 5. Sveitarfélagið telur jafnframt mikilvægt að tímasetja hvenær sá árangur skuli hafa náðst sem stefnt er að og að þau tímamörk verði ákvörðuð þröngt að teknu tilliti til hagsmuna íbúa og annarra hagsmunaaðila og þeirri trú sem framkvæmdaaðili og ráðgjafar hans virðast hafa á þeim aðferðum sem lagðar eru til við fyrirhugaða hreinsun. Náist umræddur árangur ekki innan settra tímamarka verði í fyrirmælum stofnunarinnar boðað að gripið verði til frekari aðgerða. Eðlilegt er því að gerð sé grein fyrir varaáætlun framkvæmdaaðila, eða e.a. UST, innan tiltekins tíma, leiði hinar ráðgerðu úrbætur ekki til ásættanlegrar niðurstöðu innan tilskilins tímafrests. Ófært er að þá fari framkvæmdaaðili og UST að velta vöngum varðandi frekari viðbrögð.*

Svar Umhverfisstofnunar:

Með þeim mótvægisáðgerðum sem gert er ráð fyrir að framkvæmdar verði í húsunum telur Umhverfisstofnun að hreinsun á innlofti verði með þeim hætti að mengunin haldist undir þeim styrk sem valdið getur heilsufarslegri áhættu eins og hann er skilgreindur í þeim viðmiðum sem unnið er eftir. Slíkar aðgerðir eru háðar samþykki umráðamanna eigna og beinist því ábyrgð hvað varðar tímafresti að rekstraraðilanum eftir að samþykki liggur fyrir. Tímalína um hvenær hægt er að hefja mótvægisáðgerðir liggur ekki fyrir að svo stöddu þar sem ekki hefur fengist samþykki allra fasteignaeigenda fyrir úttekt til að meta til hvaða mótvægisáðgerða þurfi að grípa. Viðbúið er að styrkur mengunar í innlofti lækki í samræmi

við styrkinn í jarðveginum og getur þá tekið allt upp undir þrjú ár að styrkur mengunar í þeim valdi ekki heilsuspillandi áhrifum, ef ekki verður ráðist í mótvægisáðgerðir.

Jarðrask er bundið við upphaf framkvæmdanna en tímalengd þeirra framkvæmda fer eftir því hversu mikið þarf að grafa upp. Í þeirri áætlun sem N1 hefur lagt fram er gert ráð fyrir að hreinsunaraðgerðir sem felast í loftun svæðisins geti tekið allt að þrjú ár. Umhverfisstofnun setti þau skilyrði í fyrirmælin að loftunaraðgerðum verði ekki hætt fyrr en í fyrsta lagi eftir tvö ár svo hægt sé að fá samانبurðarhæf gögn til að meta áhrif hreinsunarinnar. Ef á aðgerðatíma kemur í ljós að hreinsun sé ekki nægjanleg hefur Umhverfisstofnun heimild til að endurskoða fyrirmælin. Sömu leiðis ef hreinsunaraðgerðir eru ekki nægjanlegar að aðgerðartíma loknum hefur Umhverfisstofnun heimild til að halda áfram í málinu og fara fram á áframhaldandi hreinsun með sömu eða annarri aðferð. Umhverfisstofnun telur ekki nauðsynlegt að svo stöddu að krefja rekstraraðila að undirbúa frekari rannsóknir eða framkvæmdir, umfram það sem fram kemur í fyrirmælunum.

6. Rétt er að benda á að markmið það sem UST setur fram í 7. tölul. 1. gr. tillögu að fyrirmælum lýtur einungis að tölulegum gildum á hinum rokgjörnu efnunum. Það hefur sýnt sig að ólíðandi lyktarmengun sé til staðar þótt ekki hafi verið unnt að greina mengandi efni í jarðvegi yfir viðmiðunarstyrk. Í kafla 4.1 (neðst á bls. 19) í skýrslu Verkís um niðurstöður jarðvegssrannsókna og tillögu að úrbótaáætlun dags. 09.09. 2021 kemur fram að það ætti einnig að vera „markmið úrbótanna að koma í veg fyrir óþægindi sem fólk getur orðið fyrir af völdum bensínlyktar úr jarðveginum, sem hefur orðið fyrir áhrifum lekans úr neðanjarðargeymi N1.“ Eðlilegt er að UST setji fram markmið úrbótanna með vísan til þessa og að markmiðið sé að umræddri lykt sé með öllu útrýmt. Í þessu sambandi er minnt á það sem segir hér í upphafi (kafla 1) að hreinsunarstarfið þurfi að taka til alls þess svæðis þar sem mengunar gætir og að þar skuli allur mengaður jarðvegur fjarlægður.

Svar Umhverfisstofnunar:

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að meta árangur hreinsunaraðgerðanna með því að bera saman niðurstöður mælinga við viðurkennd viðmiðunarmörk varðandi mengun á svæðinu. Lykt er mengun sem erfitt er að mæla og ekki eru til íslensk viðmiðunarmörk er varðar lykt. Lyktarmengunin stafar fyrst og fremst af bensínugufum sem gufa upp frá jarðveginum á svæðinu. Sett eru fram gildi í fyrirmælunum sem stofnunin miðar við varðandi styrk efna í jarðvegsgasi þar sem ekki eru til viðmiðunargildi í íslenskum reglugerðum um jarðvegsgas. Mikilvægt er að gera greinarmun á mengun í jarðvegi og mengun í jarðvegsgasi. Hvað varðar jarðvegsmengun þá gildir reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

7. Minnt skal á að samráð landeigenda, þ.e. sveitarfélagsins, sem og veghaldara (Vegagerðin) og eigenda fasteigna á svæðinu er nauðsynlegt í þeim tilvikum sem nefnd eru í liðum 1 og 2. Er nauðsynlegt að áréttta við framkvæmdaaðila að slíkt samráð sé viðhaft svo tímanlega sem unnt er. Jafnframt sé árétttað að sérhvert tjón sem hlýst af fyrirhuguðum aðgerðum sé á ábyrgð framkvæmdaaðila.

Svar Umhverfisstofnunar:

Rekstraraðila ber að sækja um þau leyfi sem tilskilin eru samkvæmt lögum og reglugerðum til þess að framkvæmdin geti farið fram. Varðandi ábyrgð framkvæmdaaðila við framkvæmd ráðstafana skv. fyrirmælum um hreinsun þá vísar stofnunin í 3. og 4. mgr. 17. gr. laga um umhverfisábyrgð. Þar segir að þegar tjóni er valdið á eign þriðja manns við framkvæmd ráðstafana samkvæmt lögnum getur eigandi eða afnotahafi eignarinnar gert skaðabótakröfu á hendur ríkissjóði ef ekki næst samkomulag við tjónvald um bætur eða þegar tjónvaldur getur ekki greitt bótakröfuna. Í 4. mgr. segir að þegar ríkissjóður hefur greitt skaðabótakröfu skv. 3. mgr. öðlast ríkissjóður rétt tjónþola á hendur tjónvaldi.

Breytingar frá auglýstri tillögu

Frá birtingu auglýsingar um tillögu að fyrirmælum hafa verið gerðar smávægilegar breytingar á orðalagi á nokkrum stöðum í fyrirmælunum til að gera þau skýrari. Efnislegar breytingar voru gerðar á þremur köflum fyrirmælanna (sem framvegis verða nefndar greinar í stað kafla), þ.e. 1. gr. varðandi fyrirmæli um úrbætur, 4. gr. um mótvægisáðgerðir og 8. gr. um endurskoðun fyrirmæla.

Breytingar fyrirmælum um úrbætur í 1. gr. :

Uppröðun töluliðanna hefur verið endurskoðuð þar sem að markmið úrbótanna hefur verið fært fremst í tölulið nr. 1 en var áður í tölulið nr. 7. Aðrir töluliðir færast við það aftur um einn þ.e. töluliður 1 verður töluliður 2 o.s.frv. Orðalagi eftirfarandi töluliða hefur auk þess verið breytt:

5. töluliður var áður:

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun tímasetta framkvæmdaáætlun vegna mótvægisáðgerða á fasteignum í síðasta lagi fjórum vikum eftir útgáfu fyrirmæla, með fyrirvara um að samþykki eigenda, sbr. 4. kafla fyrirmælanna.

Fyrirmæli um mótvægisáðgerðir eru nú settar fram í 7. tölulið sem er nú svohljóðandi:

Tímasetning mótvægisáðgerða í fasteignum er háð samþykki umráðamanna fasteignanna, sjá nánar í 4. kafla fyrirmælanna. Mótvægisáðgerðir skulu gerðar í samræmi við tímasetta framkvæmdaáætlun sem rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun til samþykktar eins fljótt og mögulegt er en eigi síðar en fjórum vikum eftir að Umhverfisstofnun upplýsir rekstraraðila um að samþykki umráðamanna fasteignanna liggi fyrir.

7. töluliður var áður:

Markmið hreinsunarinnar er að TVOC styrkur, í jarðveginum haldist stöðugur undir 50 ppm og undir 0,25 ppm í innanhússlofti fasteignanna að Suðurbraut 6, 8, 9 og 10, sbr. 7. kafla fyrirmælanna.

Eftir breytingar er 7. töluliður nú svohljóðandi:

Tímasetning mótvægisáðgerða í fasteignum er háð samþykki umráðamanna fasteignanna, sjá nánar í 4. kafla fyrirmælanna. Mótvægisáðgerðir skulu gerðar í samræmi við tímasetta framkvæmdaáætlun sem rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun til samþykktar eins fljótt og mögulegt er en eigi síðar fjórum vikum eftir að Umhverfisstofnun upplýsir rekstraraðila um að samþykki umráðamanna fasteignanna liggja fyrir.

Eftir breytingar er 8. töluliður nú svohljóðandi:

Styrkur TVOC efna í jarðvegi skal hafa náð stöðugu gildi undir 50 ppm í hið minnsta 3 mánuði áður en hreinsun á jarðveginum getur talist fullnægjandi. Styrkur TVOC skal hafa mælst stöðugur undir 0,25 ppm innanhúss í þeim fasteignum sem mengunin nær til í að minnsta samfleytt í 3 mánuði svo jarðvegshreinsun teljist fullnægjandi og heimilt að stöðva hreinsunar og mótvægisáðgerðir, sbr. 7. kafla fyrirmælanna.

8. töluliður var áður:

Vöktun innanhúss skal haldið áfram í minnst 12 mánuði eftir að hreinsunaraðgerðum lýkur. Ef styrkur TVOC hækkar eftir að aðgerðum er lokið mun Umhverfisstofnun fara fram á nýja aðgerðaáætlun og mögulega frekari rannsóknir, sbr. 7. og 8. kafla fyrirmælanna.

Þessi fyrirmæli eru nú tilgreind í 9. og 10. tölulið sem eru svohljóðandi.

- 9. Vöktun innanhúss skal haldið áfram í minnst 12 mánuði eftir að hreinsunaraðgerðum lýkur.*
- 10. Stofnunin mun, ef þörf er á, uppfæra fyrirmælin með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fram hafa komið, sbr. 8. kafla fyrirmælanna.*

Breytingar á fyrirmælum um mótvægisáðgerðir (4. gr.)

4. kafli varðandi mótvægisáðgerðir var svohljóðandi:

Til að koma í veg fyrir að rokgjörn efni berist inn í hús verður gripið til mótvægisáðgerða svo sem: sog á jarðvegsgasi undir húsum, loftunaraðgerðir í húsum og þétting gólfplötu. Mótvægisáðgerðir skulu gerðar í samræmi við tímasetta framkvæmdaráætlun sem rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun til samþykktar eins fljótt og mögulegt er en eigi síðar átta vikum eftir útgáfu fyrirmælanna, að því gefnu að fasteignaeigendur gefi samþykki fyrir aðgerðunum. Umhverfisstofnun leitar eftir slíku samþykki fasteignaeigenda áður en afstaða er tekin til framkvæmdaáætlunarinnar.

Eftirfarandi breytingar á orðalagi voru gerðar til að auka skýrleika á fyrirkomulagi framkvæmdanna. Eftir uppfærslu er 4. gr. fyrirmælanna svohljóðandi:

Til að koma í veg fyrir að rokgjörn efni berist inn í hús verður gripið til mótvægisáðgerða svo sem: sogs á jarðvegsgasi undir húsum, loftunaraðgerða í húsum og þéttingu gólfplötu. Tímasetning mótvægisáðgerða í fasteignum er háð samþykki umráðamanna fasteignanna. Umhverfisstofnun upplýsir rekstraraðila um þegar samþykki fyrir úttekt til að meta til hvaða mótvægisáðgerða þurfi að grípa liggur fyrir. Rekstraraðili skal eigi síðar en fjórum vikum eftir úttektina skila tímasettri framkvæmdaáætlun vegna mótvægisáðgerðanna til samþykktar til

Umhverfisstofnunar. Framkvæmd mótvægisáðgerðanna er háð samþykki umráðamanna eignanna og skal slíkt samþykki liggja fyrir áður en hafist er handa við framkvæmdirnar.

Breytingar á ákvæðum um endurskoðun fyrirmæla (8. gr.)

8. kafli varðandi endurskoðun fyrirmæla var svohljóðandi:

Fari rekstraraðili ekki að fyrirmælum Umhverfisstofnunar eða ef verkið dregst fram yfir gefna fresti um úrbætur getur Umhverfisstofnun látið vinna verkið á kostnað rekstraraðila, sbr. 24 gr. laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð. Ef fram koma upplýsingar sem benda til þess að ekki muni eða hafi nást ásættanlegur árangur af aðgerðum samkvæmt fyrirmælum þessum, áskilur stofnunin sér rétt til þess að óska eftir nýrri aðgerðaráætlun frá rekstraraðila sem og frekari rannsóknnum. Stofnunin mun, ef þörf er á, uppfæra fyrirmælin með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fram hafa komið.

Fyrirmæli er snúa að endurskoðun fyrirmæla hafa verið gerð skýrari með breytingum á orðalagi. Bætt hefur verið við ákvæði um að skila skuli inn uppfærðri úrbótaáætlun ef hreinsunaraðgerðir ná ekki fullnægjandi árangri innan þriggja ára frá því að blásarar við loftunarholur hafa verið gangsettir. 8. gr. varðandi endurskoðun fyrirmælanna er nú svohljóðandi:

Fari rekstraraðili ekki að fyrirmælum Umhverfisstofnunar eða ef verkið dregst fram yfir gefna fresti um úrbætur getur Umhverfisstofnun látið vinna verkið á kostnað rekstraraðila, sbr. 24 gr. laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð.

Ef fram koma upplýsingar sem benda til þess að ekki muni eða hafi náðst ásættanlegur árangur af aðgerðum samkvæmt fyrirmælum þessum, áskilur stofnunin sér rétt til þess að óska eftir nýrri úrbótaáætlun frá rekstraraðila.

Ef fullnægjandi hreinsunarárangri, sbr. 7. gr., hefur ekki verið náð innan 3 ára frá þeim tíma sem loftunarbúnaður var ræstur skal rekstraraðili senda til Umhverfisstofnunar uppfærða úrbótaáætlun.

Stofnunin mun, ef þörf er á, uppfæra fyrirmælin með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fram hafa komið, sbr. 2. og 3. mgr.